

Vínartónleikar

.....
FIMMTUDAGUR 05.01.12

FÖSTUDAGUR 06.01.12

LAUGARDAGUR 07.01.12



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út á Rás 1 sunnudaginn 8. janúar.
Tónleikarnir á laugardag eru teknir upp fyrir Sjónvarpið og verða sendir út síðar í mánuðinum.



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

VÍNARTÓNLEIKAR

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 5., 6. OG 7. JANÚAR 2012

Willy Büchler hljómsveitarstjóri
Sigrún Hjálmtýsdóttir einsöngvari

<i>Johann Strauss yngri</i>	<i>Leðurblakan, forleikur</i>
<i>Josef Strauss</i>	<i>Moulinet, polka française</i>
<i>Johann Strauss yngri</i>	<i>Mein Herr Marquis, úr Leðurblökunni</i>
<i>Johann Strauss yngri</i>	<i>Vergnügungszug (Gleðilestin), polka schnell</i>
<i>Johann Strauss yngri</i>	<i>Wo die Zitronen blüh'n (Þar sem sítrónutrén blómstra), vals</i>
<i>Franz Léhar</i>	<i>Einer wird kommen, úr Der Zarewitsch</i>
<i>Josef Strauss</i>	<i>Ohne Sorgen! (Áhyggjulaust!), polka schnell</i>

Hlé

<i>Johann Strauss yngri</i>	<i>Wiener Blut (Vínarblóð), vals</i>
<i>Carl M. Ziehrer</i>	<i>Liebe schöne alte Donaustadt, úr Der Fremdenführer</i>
<i>Josef Strauss</i>	<i>Thalia, polka-mazurka</i>
<i>Johann Strauss yngri</i>	<i>So ängstlich sind wir nicht! (Svo skelkuð erum við ekki!), polka schnell</i>
<i>Johann Strauss yngri</i>	<i>Klänge der Heimat, úr Leðurblökunni</i>
<i>Eduard Strauss</i>	<i>Mit Extrapost (Með hraðpósti), polka schnell</i>
<i>Johann Strauss yngri</i>	<i>An der schönen blauen Donau (Dónárvalsinn)</i>

Willy Büchler
hljómssveitarstjóri



Willy Büchler er aðalgestastjórnandi Strauss-hátíðarhljómssveitarinnar í Vínarborg og hefur í yfir tvo áratugi heillað tónleikagesti með fjörugum flutningi á tónlist Strauss-fjölskyldunnar og fleiri meistara Vínartónlistarinnar.

Büchler fæddist í Vínarborg og lærði fiðluleik hjá Josef Sivo og Michael Frischenschlager við tónlistarháskóla borgarinnar. Aðeins tvítugur að aldri var hann skipaður prófessor í fiðluleik við Landeskonservatorium Vorarlberg, en sneri síðar aftur til heimaborgar sinnar til að gerast aðstoðarkonsertmeistari Útvarpshljómssveitarinnar í Vínarborg. Hann kenndi einnig fiðluleik við Tónlistarháskóla Vínarborgar.

Árið 1992 stofnaði Büchler Eos-kvartettinn ásamt þremur meðlimum Sinfóníuhljómssveitar Vínarborgar, og stóð kvartettinn meðal annars fyrir vinsælli tónleikaröð í Wiener Konzerthaus. Árið 1995 tók Büchler við stöðu konsertmeistara í Sinfóníuhljómssveit Vínarborgar, *Wiener Symphoniker*. Hann stjórnar Vínartónlist víða um heim, m.a. í Þýskalandi, Ítalíu og Japan, auk þess sem hann stjórnar árlegum Vínartónleikum í Wiener Konzerthaus.

Sigrún Hjálmtýsdóttir

einsöngvari



Sigrún Hjálmtýsdóttir hóf feril sinn á sviði dægurtónlistar. Síðar hóf hún sígilt söngnám við Guildhall School of Music and Drama í London og stundaði framhaldsnám á Ítalíu. Hún hefur tekið þátt í margvíslegum uppfærslum og sýningum, jafnt á sviði sem í kvikmyndum. Frumraun sína á óperusviði þreytti hún í hlutverki dúkkunnar Olympíu í *Ævintýrum Hoffmanns* í Þjóðleikhúsinu, en sú sýning var samstarfsverkefni Íslensku óperunnar og Þjóðleikhússins. Önnur verkefni hennar hjá Íslensku óperunni eru hlutverk Súsönnu í *Brúðkaupi Fígaró*, Katie í *Le Pays* eftir Guy Ropartz, Gildu í *Rigoletto*, Papagenu og Næturdrottningarinnar í *Töfraflautunni*, Lúsíu í *Lucia di Lammermoor*, Víolettu í *La Traviata*, Adínu í *Ástardrykknum* og Rósalindu í *Leðurblökunni*. Nú í haust söng Sigrún hlutverk Næturdrottningarinnar í *Töfraflautunni*, fyrstu uppfærslu Íslensku óperunnar í Hörpu. Hún söng þrjú hlutverk í uppfærslu á *Niflungahring* Wagners sem var samvinnuverkefni Íslensku óperunnar, Þjóðleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.

Sigrún hefur margoft komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands sem og erlendum hljómsveitum. Hún hefur hljóðritað fjóra geisladiska við undirleik Sinfóníunnar en alls hefur hún sungið inn á tugi hljómplatna. Árið 2001 söng hún ásamt José Carreras á eftirminnilegum tónleikum í Laugardalshöll og 2005 hlotnaðist henni sá heiður að stíga á stökk með Plácido Domingo á tónleikum hans í Egilshöll. Þá hefur Sigrún haldið tónleika víða um heim. Í október síðastliðnum hélt Sigrún ásamt Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur píanóleikara tónleika í nýrri tónlistarhöll, Egginu í Peking. Í vor mun Sigrún syngja á tónleikum í Tsjajkovskíjhöllinni í Moskvu og í Alsace í Frakklandi. Sigrún var sæmd riddarakrossi hinnar íslensku Fálkaorðu 1995.

Saga Vínartónleikanna

Vínartónleikar eru löngu orðinn ómissandi liður í áramótahaldi fólks um allan heim. Kunnastir eru auðvitað tónleikar Vínarfílharmóníunnar í Musikverein-salnum á nýársdag, en hljómsveitir um allan heim hafa síðan tekið upp þennan sið. Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt fyrstu Vínartónleika sína í maí 1972 og hefur haldið slíka tónleika nær árlega frá 1981.

Líklega gera flestir ráð fyrir því að þessi hefð hafi komist á þegar valsakóngarnir sjálfir voru og hétu. Svo er raunar ekki. Vínarfílharmónían gerði lítið af því að leika tónlist Johanns Strauss meðan hann sjálfur lifði, þótt samskipti tónskálds og hljómsveitar væru alla tíð vinsamleg. Það var ekki fyrr en 1939 sem Vínarfílharmónían hélt fyrstu nýárstónleika sína, sem voru raunar á gamlárskvöld fyrst um sinn. Clemens Krauss og Josef Krips stjórnðu tónleikunum fyrstu árin, en Willi Boskovsky var sá stjórnandi sem oftast stóð á pallinum í Musikverein, 25 sinnum frá 1955 til 1979. Þess má til gamans geta að Boskovsky stjórnaði Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói árin 1972 og 1983.

Allt frá árinu 1987 hafa gestastjórnendur haldið um sprotann á Vínartónleikunum í Musikverein, nýr stjórnandi á hverju ári. Á sínum tíma var þessi siður tekinn upp til þess að gefa hinum aldna Herbert von Karajan færi á að stjórna tónleikunum. Efnisskráin er ólík á hverju ári en uppbyggingin er ávallt sú sama, og á hverju ári eru leikin nokkur aukalög, af hverjum *Radetzky*-marsinn er það síðasta. Aldrei er að vita nema hann hljómi einnig í lok tónleikanna í kvöld ef undirtektir eru góðar!

Vínartónleikar 2012

Blómaskeið valsins var um miðja 19. öldina, þegar góðborgarar við hirðir Evrópu voru hættir að hneyklast á djörfum og ástleitnum hreyfingum þeirra sem stigu dansinn. Valsinn var upphaflega sveitadans og ólíkt því sem tíðkaðist í hirðdönsum átti karlinn að halda konunni þétt að sér, sem fór mjög fyrir brjóstið á siðprúðum heldri borgurum. Bretinn Charles Burney ritaði grein um valsinn í enska tónlistarbók á seinni hluta 18. aldar og sagði þar meðal annars: „Enskar mæður myndu taka því illa að sjá farið með dætur sínar á svo klúran hátt, og enn verr að verða vitni að hversu fúslega stúlkurnar taka þátt í dónaskapnum.“

Í Vínarborg bar Strauss-fjölskyldan höfuð og herðar yfir aðra þegar kom að valsagerð, ekki síst þeir Johann Strauss (eldri og yngri) og bræðurnir Eduard og Josef Strauss. Johann eldri vildi reyndar að elsti sonurinn gerðist bókhaldari, en honum reyndist ómögulegt að slíta sig frá tónlistinni eftir að námi lauk. Ferill Johanns Strauss yngri hófst fyrir alvöru 1844 þegar hann stofnaði sína eigin hljómsveit og valsar hans fóru að hljóma um alla Vínarborg og víðar. Eftir andlát föðurins var Johann yngri óumdeildur valsakóngur Vínarborgar. Hann stjórnaði hljómsveitum um alla álfuna og var feykilega afkastamikill – samtals samdi hann um 500 valsa, marsa, polka, kvadrillur og aðra tískudansa þess tíma.

Sérfræðingar í danstónlist 19. aldar vilja meina að í kringum 1860 hafi orðið vatnaskil í valsasöggunni, þegar Strauss yngri tók að semja sín bestu verk. Strauss var lengi stjórnandi Karlakórs Vínarborgar, en valsasyrpan *An der schönen, blauen Donau* (1867) var einmitt samin fyrir þennan kór og ekki útsett fyrir hljómsveit fyrr en síðar. Árið 1874 stjórnaði Johann Strauss tónleikum í Torino á Ítalíu og samdi af því tilefni nýja valsasyrpu sem hann kallaði *Bella Italia*, en breytti heitinu skömmu síðar í *Wo die Zitronen blüh'n* (Þar sem sitrónutrén blómstra), sem er tilvitnun í Goethe, úr skáldsöggunni *Wilhelm Meisters Lehrjahre*. Valsinn *Wiener Blut* varð til

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Strauss-valsar hafa hljómað á Íslandi svo að segja frá því að opinbert tónleikahald hófst hér fyrir alvöru á fyrstu árum 20. aldarinnar. Árið 1921 lék danski fiðluleikarinn Henry Baunvig valsasyrpuna *Wein, Weib und Gesang* á tónleikum sem haldnir voru á kaffihúsinu Fjallkonan (Laugavegi 11) og var gerður góður rómur að leik hans. Árið 1927 var sýnd í Nýja Bíói þýska „óperettu-kvikmyndin“ *Vínarvalsinn*, þar sem tónlist Strauss var vitaskuld í forgrunni.

árinu áður, fyrir brúðkaup Habsborgarprinsessunnar Giselu Lovísu og Leópolds prins af Bæjaralandi. Vinsældirnar urðu slíkar að Strauss byggði síðar heila óperettu með sama nafni á valsahendingunum frægu.

Strauss-fjölskyldan skaraði ekki einungis fram úr í valsagerð. Samkvæmisdansar 19. aldarinnar voru af ýmsum toga, ýmist hægir eða hraðir, glaðværir eða ljúfsárir. Dansar með yfirskriftina *polka* tóku að birtast í Bæheimi á fyrri hluta 19. aldar og náðu skjótt vinsældum. Í Vínarborg tíðkuðust margvísleg afbrigði sem hvert hafi sitt heiti: *Polka française* var tignarlegur og yfirvegaður en *polka schnell* var öllu fjörugri eins og yfirskriftin bendir til. Vergnügungszug (*Gleðilestin*) var samin fyrir mikla dansveislu í Redouten-salnum í Vínarborg í janúar 1864 og lýsir lestarferð upp í sveit. Þríhorn líkir eftir lestarbjöllum en hornin líkja eftir vélarhljóðunum. *So ängstlich sind wir nicht* (Svo skelkuð erum við ekki) er úr óperettunni *Nótt í Feneyjum* og lýsir almennri lífsgleði, og sama má segja um polka Jósefs Strauss, *Áhyggjulaust!* Í *Moulinet* er líkt eftir mylluhljóðum, en í polkanum *Mit Extrapost* (Með hraðpósti) eftir bróðurinn Eduard heyrast svipurnar dynja á hestunum sem eiga lífið að leysa.

Á tónleikunum heyrast einnig aríur úr vinsælum óperettum, sem sumar eru vel kunnar en aðrar heyrast sjaldan. *Leðurblakan* (1874) er tvímælalaust sú frægasta af fimmtán óperettum Johanns Strauss. Þegar tjaldið rís eftir fjörugan forleikinn er heimilisfaðirinn Gabriel von Eisenstein er á leið í tukthúsið þar sem hann á að afplána stutta vist. Eiginkona hans Rósalinda heldur við söngkennarann Alfred, og þernan Adele biður um leyfi til að heimsækja dauðvona frænku sína en ætlar í raun að stelast á dansleik hjá Orlofsky prins. Eisenstein fer einnig þangað og þykist fljótt sjá að leikkonan Olga sé engin önnur en Adele dulbúin í kjól af Rósalindu. Gamanið kárnar þegar Rósalind mætir sjálf í höllina, grímuklædd sem ungersk greifynja. Báðar syngja þær glæsilegar aríur í veislunni og þær hljóma báðar á tónleikunum í

kvöld, fyrst léttúðugur söngur þernunnar Adele, en ástríðufullur ungverskur seiður hinnar dulbúnu Rósalindu eftir hlé.

Franz Lehár er kunnastur fyrir *Kátu ekkjuna* (Die lustige Witwe), sem boðaði nýja gullöld fyrir óperettuformið við upphaf 20. aldar. *Der Zarewitsch* er ein síðasta ópera Lehárs, samin árið 1927 og fjallar um son Péturs mikla, Alexei að nafni, sem flýr frá Rússlandi til Napólí með unnustu sinni, Sonju að nafni. Hún er af alþýðuættum og þegar þær fregnir berast úr heimalandinu að keisarinn sé látinn heldur Alexei aftur til Pétursborgar og býr sig undir að taka völd. Sonja syngur ariuna sem hér hljómar í fyrsta þætti óperunnar, áður en þau Alexei hafa hist. Hún býr sig undir að dulbúast sem fimleikapiltur til að kynnast prinsinum betur, enda var sagt að hann væri lítið fyrir kvenhöndina.

Þótt nafnið Carl Michael Ziehrer sé flestum gleymt í dag var hann á sinni tíð helsti keppinautur Strauss-feðga. Hann var flinkur tónlistarmaður, hafði lært tónsmíðar hjá Simon Sechter sem einnig var kennari Schuberts, og útgefandinn Haslinger hafði á honum tröllatrú og sá til þess að verk hans fengu bestu dreifingu sem völ var á. Óperettan *Der Fremdenführer* (Leiðsögumaðurinn) var frumsýnd í Vínarborg 1902 og með henni náði ferill Ziehrers hápunkt: skömmu síðar hlotnaðist honum staða danstónskálds keisarafjölskyldunnar, sem Johann Strauss hafði haft á hendi meðan hann lifði. En dagar gömlu Vínarborgar voru senn taldir; eftir heimsstyrjöldina fyrri var allt gjörbreytt og keisarafjölskyldan horfin á braut. Ziehrer lést í sárri fátækt og flestum gleymdur síðla árs 1922.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFFSSON

Söngtextar

Mein Herr Marquis Úr „Die Fledermaus“

Adele:

Mein Herr Marquis,
ein Mann wie Sie
sollt besser das verstehn,
darum rate ich,
ja genauer sich
die Leute anzusehn!

Die Hand ist doch wohl gar zu fein,
dies Füßchen, so zierlich und klein,
die Sprache, die ich führe,
die Taille, die Tournüre,
dergleichen finden Sie
bei einer Zofe nie!

Gestehen müssen Sie fürwahr,
sehr komisch dieser Irrtum war!

Ja, sehr komisch, ha, ha, ha,
ist die Sache, ha, ha, ha,
drum verzeihn Sie, ha, ha, ha,
wenn ich lache, ha, ha, ha, ha, ha, ha,
sehr komisch, Herr Marquis, sind Sie!

Kæri herra markgreifi Úr „Leðurblökunni“

Adele:

Kæri herra markgreifi,
maður eins og þér
ætti að skilja þetta betur,
því ráðlegg ég yður
að horfa dálítið
nánar á fólk!
Þessi hönd er þó alltof grönn,
þessi fótur svo fingerður og smár,
málið, sem ég tala,
mittið, framkoman,
þvíumlíkt finnið þér
aldrei hjá þjónustustúlku!
Þér hljótið sannarlega að viðurkenna,
þessi misskilningur var afar broslegur!

Já, afar broslegt, ha, ha, ha,
er allt þetta mál, ha, ha, ha,
afsakið því, ha, ha, ha,
að ég hlæ, ha, ha, ha, ha, ha, ha,
afar broslegur, herra markgreifi, eruð þér!

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sumarið 1926 voru í fyrsta sinn haldnir heilir tónleikar í Reykjavík með tónlist Johanns Strauss. Fílharmóníuhljómsveitin í Hamborg lék í Iðnó undir stjórn Jóns Leifs, og einn gagnrýnandi sagði: „Tónleikarnir voru nú ekki ófjörugir, enda ljómaði gleðibros á hverju andliti í salnum á meðan á þeim stóð og endurskin þess sást á hverjum og einum hljómsveitarfélaganna. Loks var gefið aukalag, fjörugur „Marsch“, en hann varð að tvítaka til þess að hljómsveitin gæti losnað við hina hrifnu áheyrendur sína.“

Mit dem Profil

im griech'schem Stil

beschenkte mich Natur.

Wenn nicht dies Gesicht

schon genügend spricht,

so seh'n Sie die Figur!

Schaun durch die Lorgnette Sie dann,

sich diese Toilette nur an,

mir scheint wohl, die Liebe

macht Ihre Augen trübe,

der schönen Zofe Bild

hat ganz Ihr Herz erfüllt!

Nun sehen Sie sie überall,

sehr komisch ist fürwahr der Fall!

Ja, sehr komisch, ha, ha, ha,

ist die Sache, ha, ha, ha,

drum verzeihn Sie, ha, ha, ha,

wenn ich lache, ha, ha, ha, ha, ha, ha!

Þennan vangasvip

í grískum stíl

hefur náttúran gefið mér.

Ef þetta andlit

er ekki næg vísbending,

þá lítið á vöxtinn!

Horfið bara í gegnum nefklömburnar

á þennan klæðaburð,

mér virðist svo vera að ástin

hafi blekk't augu yðar,

mynd þernunnar fögru

hefur alveg fyllt hjarta yðar!

Nú sjáið þér hana hvar sem er,

afar broslégt er sannarlega allt þetta mál!

Já, afar broslégt, ha, ha, ha

er allt þetta mál, ha, ha, ha,

afsakið því, ha, ha, ha,

að ég hlæ, ha, ha, ha, ha, ha, ha!

Carl Haffner og Richard Genée

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Forleikurinn að Leðurblökunni hefur hljómað tuttugu og tvisvar sinnum á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og þá hefur oft verið um marga tónleika að ræða í hvert sinn. Victor Urbancic stjórnaði forleiknum í Þjóðleikhúsinu 1950, og meðal þeirra sem fylgt hafa í kjölfarið eru Proinssias O'Duinn (1964), Marteinn H. Friðriksson (1965), Alfred Walter (1969) og Lan Shui (1996).

Einer wird kommen Úr „Der Zarewitsch“

Einer wird kommen, der wird mich begehren,
Einer wird kommen, dem soll ich gehören.
Werd ich bei seinen Küssen erbeben?
Werd ich der Liebe Wunder erleben?
Einer wird kommen, dem werd ich gehören.

Mir ist so bang, als hielt mich
ein Traum befangen.
Fiebernde Glut steigt heiß mir zu Herz
und Wangen.
Schweigende Nacht mich lockend umfängt
mit wonniger Macht, die Sinne bedrängt.
Ich möchte entfliehn, und wart doch auf ihn!

Wüßt ich doch, zieh' ich das große Los,
Wird das Glück mir scheinen?
Werd ich als Spielzeug bloß
diese Stund' beweinen?
Werde, was will, daraus,
Liebe, nach dir, nach dir
Breite ich meine Arme aus!

Einher kemur örugglega Úr „Keisarasonurinn“

Einher kemur örugglega sem þráir mig,
einher kemur örugglega sem ég á að tilheyra.
Kem ég til að skjálfa við kossa hans?
Kem ég til að upplifa undur ástarinnar?
Einher kemur örugglega sem ég mun tilheyra.

Mig grípur beygur, eins og draumur
haldi mér fanginni.
Brennheit glóð stígur upp í hjarta mér
og vanga.
Þögul nóttin vefur mig seiðandi að sér
með unaðslegu afli, sem lamar dómgreindina.
Ég vil helst flýja, en bið samt eftir honum.

Bara að ég vissi hvort ég hreppi stóra
vinninginn,
skyldi hamingjan ljóma við mér?
Mun ég harma ég þessa stund
eins og hvert annað leikfang?
Megi það verða sem vill,
ást, mót þér, mót þér
breiði ég arma mína!

Einer wird kommen, der wird mich begehren
Einer wird kommen, dem soll ich gehören.
Werd ich bei seinen Küssen erbeben?
Werd ich der Liebe Wunder erleben?
Einer wird kommen, dem werd ich gehören.

Heinz Reichert og Béla Jenbach

Liebe schöne alte Donaustadt
Úr „Der Fremdenführer“

Liebe, schöne alte Donaustadt,
die den Walzer uns geboren hat!
Bist mit dem Leichtsinn per Du
und die Liebe, sie lächelt Dir zu!
Hütet Euch, ihr schönen Wiener Frau'n!
Dürft der Walzernacht nicht blind vertrau'n!
Locken betörend die Geigen,
kann auch das Herz nicht mehr schweigen,
hat dich erfasst die Walzermusik,
fühlst berauschend ein jauchzendes Glück,
dann gibt es kein Zurück!
Und ist dazu noch Frühlingszeit,
ist jede Frau zum Kuß bereit. Ja!

Einhver kemur örugglega sem þráir mig,
einhver kemur örugglega sem ég á að tilheyra.
Kem ég til að skjálfa við kossa hans?
Kem ég til að upplifa undur ástarinnar?
Einhver kemur örugglega sem ég mun tilheyra.

Kæra fagra forna Dónárborg
Úr „Leiðsögumanninum“

Kæra, fagra forna Dónárborg,
þú sem ólst fyrir okkur valsinn!
þú og léttúðin eruð þúsystur,
og ástin brosir við þér!
Gætið ykkar, fegurðardísir Vínarborgar!
Þið megið ekki treysta valsanóttinni í blindni!
Fiðlurnar heilla og blekkja,
þá getur hjartað ekki lengur þagað,
og hafi valsatónlistin gripið þig
þá finnt þér þú ölvast af fagnaðarsælu,
og þá verður ekki aftur snúið!
Og ef þar að auki er komið vor,
eru allar konur reiðubúnar til að vera kysstar. Já!

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Dónárvalsinn á sér langa sögu á Íslandi og hljómar að meðaltali annað hvert ár á Vínartónleikum SÍ. Fyrstu heimildir um flutning hans af íslenskum tónlistarmönnum eru þegar Karlaþór Reykjavíkur söng hann við íslenskan texta í Gamla bíói vorið 1934, og hafði hann á efnisskrá sinni í Vínarborg 1937. SÍ lék verkið undir stjórn Alfreds Walter sumarið 1969; þremur árum síðar stjórnaði Willli Boskovsky völsunum í Háskólabíói.

Eine Walzernacht,
die der Mai erdacht,
die zu Herzen geht,
die der Kopf verdreht,
in der Walzernacht,
wenn das Glück Dir lacht,
hebt der Geigenchor
zu den Sternen Dich empor!

Eine wunderschöne Walzernacht! Ja!
Die verlockend uns der Mai erdacht. Ja!
In der Walzernacht,
wenn das Glück Dir lacht,
hebt der Geigenchor,
zu den Sternen Dich empor!

Leopold Krenn og Carl Lindau

Valsanótt,
sem maímánuður hefur hugsað upp,
sem gengur beint til hjartans,
sem gerir höfuðið áttavíllt,
í valsanóttinni,
þegar hamingjan hlær við þér,
lyftir fiðlukórinn
þér upp til stjarnanna!

Unaðsfögur valsanótt! Já!
Sem maí hefur lokkandi hugsað upp fyrir
okkur. Já!
Í valsanóttinni,
þegar hamingjan hlær við þér,
lyftir fiðlukórinn
þér upp til stjarnanna!

Klänge der Heimat
Csárdás úr „Die Fledermaus“

Rosalinde:

Klänge der Heimat,
ihr weckt mir das Sehnen,
rufet die Tränen
in's Auge mir!
Wenn ich euch höre,
ihr heimischen Lieder,
zieht mich's wieder,
mein Ungarland, zu dir!
O Heimat so wunderbar,
wie strahlt dort die Sonne so klar!
Wie grün deine Wälder,
wie lachend die Felder,
o Land, wo so glücklich ich war.
Ja, dein geliebtes Bild
meine Seele so ganz erfüllt,
dein geliebtes Bild!
Und bin ich auch von dir weit,
dir bleibt in Ewigkeit
doch mein Sinn immerdar
ganz allein geweiht!

Hljómar frá heimahögum
Csárdás úr „Leðurblökunni“

Rósalinda:

Hljómar frá heimahögum,
þið vekid með mér þrá,
kallið tárin fram
í augu mér!
Þegar ég heyri ykkur,
söngvar að heiman,
laðar það mig aftur
heim til þín, Ungverjaland!
Ó unaðslega heimaland,
þar sem sólin skín svo skær!
Hve grænir eru skógar þínir
og akrarnir hlæjandi,
ó land, þar sem ég var svo sæll.
Já, þín elskaða mynd
fyllir upp alla sálu mína,
þín elskaða mynd!
Og þótt ég sé langt í burtu frá þér,
verður hugur minn samt
um alla eilífð
helgaður þér!

Feuer, Lebenslust,
schwellt echte Ungarbrust,
hei! Zum Tanze schnell,
Czárdas tönt so hell!
Braunes Mägdelein
musst meine Tänz'rin sein;
reich den Arm geschwind,
dunkeläugig Kind!
Zum Fiedelklingen,
tönt jauchzend Singen,
mit dem Sporn geklirrt,
wenn dann die Maid verwirrt
senkt zur Erd den Blick,
das verkündet Glück!
Durst'ge Zecher,
greift zum Becher,
lasst ihn kreisen
schnell von Hand zu Hand!
Schlürft das Feuer
im Tokayer,
bringt ein Hoch
aus dem Vaterland!

Eldur, lífsgleði svella
í sönnum Ungverjabarmi,
hæ! Hratt í dansinn,
csárdásinn hljómar svo bjartur!
Sólbrún stúlka
skal verða dansfélagi minn;
réttu mér hönd þína skjótt,
svarteygða barn!
Með fiðlutónunum
hljómar glaðvæð söngur,
látið glamra í sporanum,
ef stúlkan horfir þá
ringluð til jarðar,
þá boðar það hamingju!
Þyrstu drykkjubræður,
grípið bikarinn,
látið hann ganga hringinn
hratt hönd úr hendi!
Sötrið eldinn
í Tókaivíninu,
færið okkur húrrahróp
frá föðurlandinu!

Carl Haffner og Richard Genée

Íslenzkar þýðingar gerði Reynir Axelsson

James Bond-veisla

19. og 20. janúar



Árið 2012 eru 50 ár liðin frá því að James Bond birtist í fyrsta sinn á hvíta tjaldiru, í myndinni Dr. No með Sean Connery í aðalhlutverki. Síðan eru myndirnar orðnar 24 talsins og enn ein væntanleg.

Eitt af því sem einkennir Bond-myndirnar er frábær tónlist. Titilstefið þekkjast flestir enda hefur það fylgt myndunum frá upphafi, en meðal tónlistarmanna sem hafa komið til liðs við myndirnar síðan má nefna Madonna, Paul McCartney, Duran Duran, A-ha og Tinu Turner.

Sinfóníuhljómsveitin býður nú til Bond-veislu þar sem fluttir verða allir helstu smellirnir úr myndunum, meðal annars You Only Live Twice, Nobody Does It Better, og A View To a Kill.

Breski stjórnandinn og tónskáldið Carl Davis hefur stýrt Bond-tónleikum víða um heim við góðan orðstír, meðal annars á tónleikum í Royal Albert Hall sem þurfti að endurtaka margoft vegna mikillar eftirspurnar.

Íslenskir söngvarar í fremstu röð taka þátt í tónleikunum. Páll Óskar sló öll met með Sinfóníunni á síðasta starfsári og snýr nú aftur á svið Eldborgar ásamt Valgerði Guðnadóttur, Sigríði Thorlacius úr Hjaltalín, Siggju Beinteins, Ingu Stefánsdóttur og Eyþóri Inga Gunnlaugssyni, sem vakti mikla hrifningu í Rocky Horror hjá LA í fyrravetur. Ekki missa af einstöku tækifæri til að heyra einvalið söngvara flytja þessi sívinsælu lög í glæsilegum hljómsveitarútsetningum.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

5, 6, & 7. jan

1. FÍÐLA

Sif Tulinius
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Mark Reedman
Martin Frewer
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FÍÐLA

Greta Guðnadóttir
Roland Hartwell
Hlíf Sigurjónsdóttir
María Weiss
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard

VÍÓLA

Helga Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

SELLÓ

Bryndís Halla Gyldfadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Auður Ingvadóttir

BASSI

Páll Hannesson
Dean Ferrell
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARINETT

Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinnsson

BÁSÚNA

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson

TÚBA

Finnbogi Óskarsson

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

Þér við sælusæti bjóðum
með sinfónískum töfrahljóðum.
Slíka gjöf má gjarnan þiggja
á gleðina mun ekkert skyggja.
- Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

KOLABRAUTIN RESTAURANT



*Íslenskt hráefni.
Hefðir miðjarðarhafsins.*

**Við bjóðum upp á
tónleikamatseðil þegar
Sinfónihljómsveitin spilar.**

Kolabrautin er
á 4ðu hæð Hörpu

Borðapantanir 519 9700

info@kolabrautin.is
www.kolabrautin.is

